

# STARFSLEYFI

## Kjúklingabúið Vor

Alifuglarækt <40.000 stæði

**Vatnsenda, fastanr. F2201560, mhl. 12 0101, 14 0101, 15**

**Lækjarhvarfi, fastanr. F2510678, mhl. 01 0101, 02 0101**

**803 Selfoss**

Nafn og kt. rekstraraðila: **Kjúklingabúið Vor ehf., kt. 441093 2929**

Heimilisfang: **Tanga, 803 Selfoss**

**Útgáfudagur: 1. september 2021**      **Gildir til: 1. september 2033**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunar-varnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
Fyrir Kjúklingabúið Vor vegna alifuglabús í Vatnsenda og Lækjarhvarfi  
< 40.000 stæði  
dags. 1. september 2021**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skýlt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.


Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

## Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65a, 800 Selfoss    kt. 480284 0549    Sími 480 8250

Selfossi, 1. september 2021



**Sigrún Guðmundsdóttir**  
framkvæmdastjóri



# STARFSLEYFISSKILYRÐI

fyrir alifuglabú, <40.000 stæði

**Kjúklingabúið Vor ehf.**

kt. 441093 2929

**Vatnsenda/Lækjarhvarfi, 803 Selfoss**

## 1. GILDISSVIÐ OG ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur alifuglabús í ofangreindri starfsstöð fyrirtækisins.

Eldi alifugla fer fram í 5 húsum, þremur að Vatnsenda og tveimur í Lækjarhvarfi. Eldishólf húss 16 er 234m<sup>2</sup> að stærð og rúmar allt að 3.800 fugla í hverri eldislotu, eldishólf húss 17 er 256m<sup>2</sup> að stærð og rúmar allt að 4.300 fugla í hverri lotu og eldishólf húss 15 er 353 m<sup>2</sup> að stærð og rúmar allt að 5.700 fugla í hverri lotu. Eldishólf í húsum 4 og 5 eru 812m<sup>2</sup> að stærð og rúma allt að 12.500 fugla hvort um sig í hverri lotu. Eldislotur eru 8,5 og heildar fjöldi fugla í eldi í hverri lotu getur verið allt að 38.800 fuglar. Lífrænn úrgangur sem fellur til á hverju ári er áætlaður allt að 630 tonn og er hann nýttur á ræktað land innan jarðarinnar.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

1.2 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

1.3 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.

1.4 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

1.5 Starfsleyfi skal endurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti. Jafnframt er útgefanda starfsleyfis heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, t.a.m. ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins, ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem leiða til betri mengunarvarna eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi.